

ABC barnahjálp á Íslandi

Ársreikningur 2019

Númer í sjóðaskrá 1351

Efnisyfirlit

Bls.

Staðfesting stjórnar, nafn og aðsetur vörsluaðila	2
Áritun endurskoðenda eða skoðunarmanna	3
Rekstrarreikningur	4
Efnahagsreikningur	5

Staðfesting stjórnar

Stjórn ABC barnahjálpar staðfestir hér með ársreikning þennan fyrir árið 2019 með áritun sinni.

Reykjavík, 18. maí 2020.

Vinsamlegast vérlitið nöfn og áritið einnig

Nöfn stjórnarmanna

Bo Wallenberg

Egil Friestad

Maud Andersson

Þráinn Skúlason

Samúel Ingimarsson

Hrönn Svansdóttir

Vörsluaðili

ABC barnahjálpar á Íslandi

Víkurbílgar 2, 203 Kópavogur

Bo Wallenberg
Bo Wallenberg
Egil Friestad
EGIL FRIESTAD
Maud Andersson
MAUD ANDERSSON
Þráinn Skúlason
Samúel Ingimarsson
Hrönn Svansdóttir

Áritun óháðs endurskoðenda

Til stjórnar ABC barnahjálpar á Íslandi

Áritun um endurskoðun ársreikningsins

Álit

Við höfum endurskoðað ársreikning ABC barnahjálpar á Íslandi („félagið“) fyrir árið 2019. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisýfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu félagsins 31. desember 2019 og afkomu þess og breytingu á handbæru fé á árinu 2019, í samræmi við lög um ársreikninga.

Grundvöllur álits

Við endurskoðuðum í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er lýst frekar í kaflanum *Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins* í árituninni. Við erum óháð félaginu í samræmi við siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum uppfyllt aðrar siðferðisskyldur okkar í samræmi við þær reglur. Við teljum að við höfum aflað nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna til að byggja álit okkar á.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og fyrir því innra eftirliti sem þau telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórn og framkvæmastjóra að leggja mat á rekstarhæfi félagsins og upplýsa, eftir því sem við á, um þætti er varða rekstrarhæfi og miða grundvöll reikningsskilanna við áframhaldandi rekstrarhæfi, nema þau ætli annað hvort að leysa félagið upp eða hætta starfsemi þess, eða hafa engan annan raunhæfan kost en að gera það.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar eru að öðlast hæfilega vissu um hvort ársreikningurinn í heild sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, og að gefa út áritun endurskoðanda sem inniheldur álit okkar. Í hæfilegri vissu felst áreiðanleiki en ekki trygging fyrir því að endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni alltaf leiða í ljós verulega annmarka ef þeir eru fyrir hendi. Annmarkar geta komið fram vegna sviksemi eða mistaka og eru taldir verulegir ef þeir einir og sér eða samanlagt gætu haft áhrif á efnahagslegar ákvarðanir sem notendur ársreikningsins taka á grundvelli hans.

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla beitum við ávallt faglegri dómgreind og viðhöfum faglega gagnrýni. Að auki:

- Greinum við og metum hættu á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, að einhverju sé viljandi sleppt, villandi framsetningu eða að farið sé framhjá innra eftirliti.

Áritun óháðs endurskoðenda, frh.:

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins, frh.:

- Öflum við skilnings á innra eftirliti, sem varðar endurskoðunina, til að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
- Metum við hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda og tengdar skýringar séu viðeigandi.
- Metum við framsetningu, uppbyggingu og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum, og hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.

Við upplýsum stjórn og endurskoðunarnefnd meðal annars um áætlað umfang og tímasetningar endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp kunna að koma í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti.

Staðfesting vegna annarra ákvæða laga

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir þessum ársreikningi eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Reykjavík, 18. maí 2020.

KPMG ehf.

Hlynur Sigurðsson



Rekstrarreikningur ársins 2019

Tekjur	Skýr.	2019	2018
Gjafir og áheiti		147.713.510	154.691.771
Söfnunarfé: Börn hjálpa börnum og aðrar safnanir		5.857.864	7.231.938
Vörusala nytjamarkaðar		52.877.325	49.204.049
Önnur framlög og styrkur		56.693.348	74.456.393
Tekjur samtals		<u>263.142.047</u>	<u>285.584.151</u>
Gjöld			
Laun og launatengd gjöld		58.550.966	55.128.023
Sent til hjálparstarfa skv. skipulagsskrá		164.020.124	178.510.993
Annar rekstrarkostnaður		42.726.953	49.250.594
Afskriftir		1.841.093	1.490.925
Gjöld samtals		<u>267.139.136</u>	<u>284.380.535</u>
Rekstrar(tap) -hagnaður án fjármunatekna og fjármagnsgjalda		<u>(3.997.089)</u>	<u>1.203.616</u>
Fjármunatekjur- og fjármagnsgjöld			
Vaxtatekjur		420.107	632.175
Vaxtagjöld		(142.798)	(280.374)
Gengismunur		121.486	114.368
Fjárm.liðir samtals		<u>398.795</u>	<u>466.169</u>
(Tap) hagnaður ársins		<u>(3.598.294)</u>	<u>1.669.785</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2019

Eignir	Skýr.	2019	2018
Fastafjármunir			
Varanlegir rekstrarfjármunir		4.543.052	5.915.425
Fastafjármunir samtals		<u>4.543.052</u>	<u>5.915.425</u>
Veltufjármunir			
Vörubirgðir		44.100	397.160
Viðskiptakröfur		7.993.010	8.744.579
Aðrar skammtímakröfur		740.805	25.000
Óbundnar bankainnistæður		<u>18.720.299</u>	<u>21.198.959</u>
Veltufjármunir samtals		<u>27.498.214</u>	<u>30.365.698</u>
Eignir alls		<u><u>32.041.266</u></u>	<u><u>36.281.123</u></u>
 Eigið fé			
Eigið fé			
Óráðstafað (ójafnað) eigið fé		28.065.237	31.663.531
Eigið fé samtals		<u>28.065.237</u>	<u>31.663.531</u>
 Skammtímaskuldir			
Skuld við lánastofnun		748.845	1.038.717
Viðskiptaskuldir		1.304.827	1.510.414
Ógreidd launatengd gjöld		<u>1.922.357</u>	<u>2.068.461</u>
Skuldir samtals		<u>3.976.029</u>	<u>4.617.592</u>
Eigið fé og skuldir alls		<u><u>32.041.266</u></u>	<u><u>36.281.123</u></u>